



*Félögin sem þannig voru tæmd samanstöðu, þegar þau voru seld, af peningalegum eignum, eigin fé og skattskuldbindingu.*

## Efni blaðsins:

Strípuð félög og stolnir skattar í Danmörku - **1**

Skattfrjáls félög, sjóðir og stofnanir - **3**

Frumvarp til laga um sveitastjórnarlög - **5**

Aðdragandi og undirbúningur að upptöku skattframtals rekstraraðila, RSK 1.04 - **6**

Útgáfa Skatta- og tollatíðinda - **7**

Golfklúbbur FLE, kappleikjaskrá og keppnisfyrirkomulag - **8**

Heimsókn golfara til Skotlands - **9**

Ýmsar upplýsingar til félagsmanna FLE - **12**

Nýir félagar 1998 - **15**

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra - **16**

## Strípuð félög og stolnir skattar í Danmörku



Anna Þórðardóttir, löggiltur endurskoðandi

Danskir fjölmiðlar hafa á undanförunum árum fjallað mikið um mál sem nefnd hafa verið „selskabstømning“ (asset-stripping) og er þeirri umræðu engan veginn lokið. Þetta á ekki síst við um árið 1997, en á því ári féllu nokkrir dómur í slíkum málum. Þessi mál eru stór í sniðum, reyndar svo að Ole Stavad, fyrrum skattamálaráðherra, lét hafa eftir sér að þetta væru stærstu rán í Danmerkursögunni. Í tengslum við þau hefur mikið verið fjallað um ábyrgð ráðgjafanna, sem einkum voru lögfræðingar og endurskoðendur. Jafnframt hefur vakið athygli hve sein yfirvöld voru að taka við sér.

### Hvað er „selskabstømning“?

Skattahagræði í tengslum við kynslóðaskipti eða endurskipulagningu félags leiddi til þess að á árunum í kringum 1990 voru eignir margra félaga seldar til nýstofnaðra félaga, sem voru í eigu sömu aðila. Þessi ráðstöfun fól í sér minniháttar skattgreiðslur fyrir félagið þar sem hagnaður vegna sölu viðskiptavildar og fasteigna var í mörgum tilvikum skattfrjáls. Gamla félaginu var síðan slitið og hægt var að taka út ágóðann án verulegra skattgreiðslna.

Eftir því sem slitum á félögum, sem ekki voru gjaldþrota, fjölgaði fóru að koma fram áhugasamir kaupendur að slíkum félögum. Annars vegar var um að ræða kaupendur sem löglega höfðu hagræði af

að kaupa þessi félög og hins vegar kaupendur sem ólöglega tóku út eignir félaganna, sjálfum sér í hag, og voru þau síðan lýst gjaldþrota. Félögin sem þannig voru tæmd samanstöðu, þegar þau voru seld, af peningalegum eignum, eigin fé og skattskuldbindingu. Jafnframt voru kaupin á þessum félögum iðulega fjármögnuð með fé félagsins, sem er ólöglegt samkvæmt hlutafélagalögum.

Þeir, sem stunduðu þetta ólöglega athæfi, auglýstu í fjölmiðlum eftir félögum til kaups og buðust til að greiða fyrir þau allt að 80% af bókfærðu verði skattskuldbindingarinnar. Um áramótin 1992-1993 varð mikið umtal um þessi mál og öllum er nálægt þeim komu orðið ljóst hvað kaupendur félaganna aðhafust.

### Viðbrögð yfirvalda

Samkvæmt upplýsingum frá skattyfirvöldum voru um 1600 félög tæmd á árunum 1990-1993 og ríkissjóður varð af skattgreiðslum upp á um tvo milljarða dkr. (um 21 milljarður isk.). Á þessum árum gerðu yfirvöld lítið sem ekkert til að stöðva athæfið. Það var ekki fyrr en sett höfðu verið lög gegn „selskabstømning“ að þessir viðskiptahættir lögðust af. Þar sem flest þessara félaga voru seld fyrir yfirverð sem nam allt að 80% er ljóst að seljendur félaganna hafa hagnast mest á viðskiptunum. Skattyfirvöld fóru því að huga að því hvort ekki væri hægt að höfða mál á hendur seljendum þótt margir álitu að útilokað væri að seljendur yrðu dæmdir til ábyrgðar vegna tapaðra skattakrafna. Valin voru úr nokkur mál, í sumum þeirra var seljanda stefnt, en í öðrum bæði seljanda og banka kaupanda. Ástæða þess að seljanda er stefnt, en ekki kaupanda, er að líklegra er talið að seljandi sé fær um að greiða bætur. Banka kaupanda var stefnt þegar talið var að hann hefði aðstoðað kaupanda við að



## Dagbókin

### Maí

- 20. Síðasti skiladagur skattframtala einstaklinga með atvinnurekstur\*
  - 29. Síðasti skiladagur skattframtala einstaklinga með atvinnurekstur (á tölvutæku formi\*)
- \* (Birt með fyrirvara um breytingar frá RSK)

### Júní

- 3. Hádegisverðarfundur
  - 20. Skiladagur skattframtala lögaðila\*
- \* (Birt með fyrirvara um breytingar frá RSK)

### September

- 2. Hádegisverðarfundur
- 18.-19. Endurskoðendadagar á Akureyri

### Október

- 7. Hádegisverðarfundur

### Nóvember

- 4. Hádegisverðarfundur
- 13.-14. Haustráðstefna FLE
- 14. Félagsfundur/aðalfundur FLE
- 14. Árshátíð FLE

### Desember

- 2. Hádegisverðarfundur

brjóta ákvæði hlutafélagalaga um að hlutafélag megi ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu. Í mörgum þessara mála er þrotabú félaganna stefnandi.

Fyrsti hæstaréttardómurinn í slíku máli féll í janúar 1997. Þar var seljandi félagsdæmdur til að greiða bæt看 sem samsvöruðu tapaðri skattkröfu á hendur félaginu. Skattyfirvöld voru í mikilli sigurvímu yfir þessum dómi og var haft eftir þáverandi skattamálaráðherra, Carsten Kock, að hann byggist við því að seljendur myndu hér eftir koma af sjálfsdáðum og greiða ríkissjóði bæt看 vegna þess tjóns sem hann hefði orðið fyrir. Það hefur reyndar gengið eftir í einhverjum tilvikum, en um helmingur af seljendum hefur fengið senda bótakröfu frá „Told og Skat“.

Rétt er að geta þess að í þeim málum þar sem seljandi hefur verið dæmdur til að greiða bæt看, eða hann gerir það sjálfviljugur, getur hann fengið álagningu skatta endurupptekna ef greiddur var skattur vegna sölunnar, svo sem vegna þess að um skattskyldan söluhagnað var að ræða.

### Dómar um „selskabstömningar“.

Hæstaréttardómur frá 21. janúar 1997 - Satair Holding A / S málið. Móðurfélagið Satair Holding A / S átti dótturfélagið Sataircraft A / S. Vegna lélegs gengis í flugrekstri og áhættusamra fjárfestinga í flugvélum tók stjórn Satair Holding A / S þá ákvörðun að losa um fjárfestingar félagsins í flugvélum. Þar sem flugvélakostur Sataircraft A / S hafði þegar verið mikið afskrifaður hefðu fylgt sölunni umtalsverðar skattgreiðslur. Til þess að komast hjá því að íþyngja samsteypunni með skattgreiðslum var tekin ákvörðun um að flytja starfsemi Sataircraft A / S, þar á meðal flugvélakostinn, til nýs félags og freista þess síðan að selja Sataircraft A / S félagi sem stæði frammi fyrir fjárfestingum. Með þessum hætti mætti jafna út hinum neikvæða afskriftareikningi. Árið 1992 var nafni Sataircraft A / S breytt í ApS af 16.02.92 Hillerød, og félagið síðan selt til Amfina ApS fyrir eigið fé félagsins að

viðbættum 80% af reiknuðum sköttum, alls 21,9 milljón dkr. Jafnframt greiðslu kaupverðs skyldi yfirfæra peningaeign félagsins, 24,5 milljónir dkr., til kaupanda. Ekki var gerð athugun á greiðslugetu kaupanda. Árið 1993 var ApS af 16.02.92 Hillerød lýst gjaldþrota með vísun til þess að ekki væri séð fram á að því yrði unnt að greiða 13 milljóna dkr. skattskuldbindingu sína.

Niðurstaða Hæstaréttar varð á þann veg að Satair Holding A / S hefði við sölu á ApS af 16.02.92 Hillerød sniðgengið hagsmuni ríkissjóðs á óverjandi hátt og væri því ábyrgt fyrir tapi hans, að fjárhæð 13.001.000 dkr.

Röksemdir Hæstaréttar voru eftirfarandi:

\* Að tilgangur sölunnar hefði verið að komast undan skattgreiðslu að fjárhæð 13 milljónir dkr. Salan væri því ekki í samræmi við eðlilega viðskiptahætti.

\* Að viðbótaragóði Satair Holding A / S af því að selja félagið í stað þess að leysa það upp hefði numið 80% af skattskuldbindingu þess.

Í ljósi þessa ályktaði Hæstiréttur að við sölu félagsins hefði Satair Holding A / S haft ríka ástæðu til að gefa gaum að hættunni á því að hagsmunir kröfuhafa - í þessu tilfelli skattyfirvalda - yrðu sniðgengnir.

\* Þá komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að sala félagsins hefði undir öllum kringumstæðum haft í för með sér umtalsverðar líkur á að ráðgerðar fjárfestingar kæmst ekki í kring, eða yrðu ekki viðurkenndar sem forsenda fyrir skattafrádrætti. Það, að kaupverð félagsins var greitt af fé þess sjálfs, hefði einnig aukið líkur á því að ekki yrði ráðist í fyrirhugaðar fjárfestingar og þar með líkurnar á vanefndum við skattyfirvöld.

\* Ennfremur gat Hæstiréttur þess að við sölu félags sem ekki ætti aðrar eignir en peningalegar, væri ætíð hætta á að kaupverðið yrði greitt með fé félagsins sjálfs.

\* Að síðustu benti Hæstiréttur á að Satair Holding A / S hefði ekkert aðhafst til að gæta hagsmuna ríkissjóðs.

Hæstiréttur gengur sem sé út frá því að



## Skattfrjáls félög, sjóðir og stofnanir



Sverrir Örn Björnsson,  
lögfræðingur

Fjölmörg félög, sjóðir og stofnanir eru undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts samkvæmt íslenskum lögum. Eiga slíkar undanþágur sér langa sögu í íslenskum rétti. Þannig var mælt fyrir um það í fyrstu tekjuskattslögum Íslendinga frá 1877 að félög og sjóðir, sem stofnaðir væru „til almennra þarfa“, skyldu undanþegnir skattinum. Nú er þessar undanþágur að finna í 5. og 6. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt 6. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 eru félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki reka atvinnu, undanþegin skattskyldu. Ákvæðinu virðist upphaflega einkum hafa verið ætlað að leysa undan skattgreiðslum félög sem hefðu með höndum hagsjónastarfsemi af einhverjum toga, svo sem íþróttafélög og líknarfélög. Það sem ræður úrslitum um skattfrelsi samkvæmt ákvæðinu er þó hvort félag, sjóður eða stofnun telst reka atvinnu eða ekki. Líknarfélag eða íþróttafélag, sem rekur atvinnu, telst því ekki undanþegið skattskyldu samkvæmt ákvæðinu. Við mat á því, hvenær segja megi að aðili reki ekki atvinnu í skilningi laga-reglunnar, er margs að gæta, en almennt má segja að niðurstaðan ráðist af heildarmati á eðli og umfangi viðkomandi starfsemi. Umboðsmaður Alþingis hefur í nýlegu áliti sínu frá 16. október 1997 (mál nr. 1858/1996) bent á nauðsyn þess að gætt sé samræmis og jafnræðis við mat af þessum toga, með vísan til almennra jafnræðis- og samkeppnis-sjónarmiða. Hæstiréttur Íslands hefur í nokkrum eldri dómum sínum gengið ansi langt í því að viðurkenna skattfrelsi á þeim grundvelli, að starfsemi teldist ekki atvinnurekstur. Hefur þá jafnvel umfangsmikil starfsemi, rekin í samkeppni við skattskyld fyrirtæki, verið talin undanþegin skatti.

Gera má ráð fyrir því að tilkoma samkeppnislaganna nr. 8/1993 ásamt aukinni almennri samkeppnisvitund í íslenski réttarframkvæmd komi til með að hafa áhrif á skýringu og túlkun skattareglna á borð við 6. tölul. 4. gr. tekjuskattlaganna, sem tengja skattskyldu við rekstur atvinnu, þannig að ríkara tillit verði tekið til þess hvort og að hvaða marki starfsemi er rekin í samkeppni við önnur fyrirtæki á markaði. Nýlegur dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. október 1997 (mál nr. 154/1997) veitir vísbendingu í þessa átt, en í málinu var til umfjöllunar skylda Ferðafélags Íslands til að greiða fasteignaskatt af sæluhúsum sínum við Álftavatn á Rangárvallafrétti. Ferðafélagið vísaði til þess að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, væru sæluhús undanþegin greiðslu fasteignaskatts, og taldi undanþáguna taka til umræddra húsa. Hæstiréttur var hins vegar á öðru máli og benti á að þótt hús félagsins gætu þjónað því hlutverki að vera athvarf í neyð væri það ekki lengur aðaltilgangur þeirra allra. Tók rétturinn fram að félagið hefði byggt upp umfangsmikla ferðaþjónustu, sem ætti í vaxandi samkeppni við aðra þá, sem slíka þjónustu rækju. Var talið að eins og starfsemi Ferðafélagsins væri háttáð í dag væru húsin fyrst og fremst ætluð fyrir skipulagðar ferðir á vegum félagsins. Voru húsin ekki talin falla undir hugtakið sæluhús í áður nefndu ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Þótt félag, sjóður eða stofnun teldist reka atvinnu er þó hugsanlegt að ákvæði 5. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 eigi við um starfsemina, þ.e. ef viðkomandi félag, sjóður eða stofnun ver hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hefur það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum. Þessi regla er jafnframt viðtækari en hin fyrrnefnda þar sem hlutafélög, einkahlutafélög og sameignarfélög geta einnig fallið undir hana. Sé skilyrðum ákvæðisins fullnægt skiptir almennt engu máli þótt e.t.v. sé um afar umfangsmikla og arðbæra starfsemi að ræða, sem rekin er í harðri samkeppni við önnur fyrirtæki. Segja má því, að hér sé um samkeppnis-fjandsamlegt lagaákvæði að ræða. Afar fjölbreytileg starfsemi telst miða að

*Það sem ræður úrslitum um skattfrelsi samkvæmt ákvæði 6. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 er þó hvort félag, sjóður eða stofnun, telst reka atvinnu eða ekki.*



*Félög og stofnanir, sem skattfrjáls eru á grundvelli 5. eða 6. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, geta þurft að standa skil á ýmsum öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.*

almenningsheill í skilningi ákvæðisins. Nefna má rekstur skóla og fræðslustofnana af ýmsu tagi, útgáfu og framleiðslu fræðsluefnis, íþróttastarfsemi, bókmennta- og listastarfsemi, náttúru- og umhverfisvernd, vísinda- og rannsóknarstarfsemi, líknarstarfsemi, hvers konar kirkjulega starfsemi o.fl. Í skilyrðinu um almenningsheill felst hins vegar að hagnaður þarf að gagnast ótilteknum fjölda manna, þ.e. gagnast almenningi. Þess vegna getur félag eða sjóður, sem stofnað er í þeim tilgangi að styðja tiltekinn íþróttamann til afreka, ekki talist undanþegið skattskyldu samkvæmt þessu ákvæði, svo dæmi sé tekið. Þá hefur verið talið að starfsemi félaga og samtaka, sem hafa að meginmarkmiði að vinna að hagsmunamálum tiltekinnar starfsstétta, teljist ekki miða að almenningsheill. Í úrskurði yfirsattaneftdar nr. 1041/1996 var þannig litið svo á að sjálfseignarstofnun, sem hafði að markmiði að reisa og reka félagsheimili íslenskra lækna, gæti ekki fallið undir ákvæði 5. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga. Sama getur eftir atvikum átt við um annars konar hagsmunasamtök, einkum ef um er að ræða fjárhagslega hagsmunabaráttu. Álitaefni er, hvort starfsemi stjórnsmálaflokka teljist miða að almenningsheill í skilningi laganna.

Undanþágan í 5. tölul. 4. gr. gerir ráð fyrir því að hagnaði sé raunverulega ráðstafað til þeirra málefna, sem miða að almenningsheill. Í framkvæmd hefur þó verið gengið út frá all víðtækri heimild félags til sjóðsmyndunar, enda hvílir bein lagaskylda á sumum tegundum félaga til vissrar sjóðsmyndunar, svo sem kunnugt er. Í úrskurði yfirsattaneftdar nr. 689/1997 var ekki talið koma í veg fyrir skattfrelsi bókaútgáfu nokkurrar, að hagnaður af starfsemi hennar þrjú tekjuár í röð hafði verið færður á óráðstafað eigið fé í ársreikningum hennar, og nam sá liður tæplega 4,7 milljónum króna í árslok 1993.

Félög og stofnanir, sem skattfrjáls eru á grundvelli 5. eða 6. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, geta þurft að standa skil á ýmsum öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Þannig greiða slíkir aðilar ýmsa óbeina skatta sem eiga það sammerkt að verða almennt að leggjast

jafnt á alla aðila til að ná markmiði sínu, svo sem virðisaukaskatt. Þá þurfa skattfrjálsa félögin að standa skil á ýmsum launasköttum ef þau reikna mönnum laun. Engin ákvæði laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, undanþiggja lögaðila af þeim toga, sem hér er rætt um, greiðslu fasteignaskatts. Einstakar eignir þessara aðila geta þó fallið undir undanþágur 5. gr. laganna, sbr. t.d. íþróttahús íþróttfélaga. Arfur, sem fellur til hugsjónafélags, er almennt undanþeginn erfðafjárskatti samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984, um erfðafjárskatt. Slík félög þurfa heldur ekki að standa skil á hinum svonefnda þjóðar-bóklhöðuskatti, sem lagður er á samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbóklhöðu og endurbætur menningarbygginga.

Loks skal nefnt, að eftir upptöku fjármagnstekjuskatts þurfa félög og stofnanir, sem áður nutu fulls skattfrelsis samkvæmt 5. eða 6. tölul. 4. gr. laganna, að greiða skatt af vissum fjármagnstekjum, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1996, um breyting á tekjuskattslögunum. Nánar tiltekið þurfa þessir aðilar nú að standa skil á 10% skatti af vöxtum, verðbótum, afföllum, gengishagnaði, arði og söluhagnaði af hlutabréfum.

Höfundur greinarinnar er lögfræðingur og fjallaði lokaritgerð hans um skattfrjálsa lögaðila. Þeir sem hafa áhuga á að nálgast ritgerðina í heild sinni (120 blaðsíður) geta haft samband við höfund. Póstfangið er: [sverrir.orn.bjornsson@skattur.is](mailto:sverrir.orn.bjornsson@skattur.is).





## Frumvarp til sveitarstjórnarlaga

Porvarður Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi



Mikil umræða hefur farið fram í þjóðfélaginu og á Alþingi á undanförunum vikum um frumvarp það sem oft hefur verið nefnt hálandisfrumvarpið. Mál þetta er frumvarp til sveitarstjórnarlaga og í reynd heilstæður lagabálkur um málefni sveitarfélaga. Meginþungi umræðunnar hefur farið í hálandismálin, en aðrir þættir frumvarpsins fengið minni umfjöllun.

Einn kafli þessa frumvarps fjallar um fjármál sveitarfélaga og þar eru ákvæði um endurskoðun ársreiknings. 68. grein frumvarpsins, sem fjallar um endurskoðun, er þannig:

„Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu“.

Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða að endurskoðun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins verði falin sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélagsins. Skal slík endurskoðunarstofnun vera undir stjórn forstöðumanns sem skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Stofnunin skal heyrja beint undir sveitarstjórn og vera óháð öllum nefndum, ráðum, stjórnnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins við framkvæmd endurskoðunarinnar.

Endurskoðandi sveitarfélags skal haga endurskoðun í samræmi við lög og reglur og góðar endurskoðunarvenjur eins og þær eru á hverjum tíma hjá opinberum aðilum. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings og ganga úr skugga um að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykktu um meðferð fjármuna og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

„Endurskoðandi sveitarfélags skal kynna skoðunarmönnum skv. 69. gr. athugun sína og endurskoðun tímanlega fyrir

áritun ársreiknings.“

Að öllu jöfnu fær FLE til umsagnar stjórnarfrumvörp, sem fjalla um starfssvið félagsmanna á einhvern hátt. Svo var þó ekki í þessu tilfalli og gafst félaginu því ekki tækifæri til að koma að athugasemdum áður en frumvarpið var tekið til umræðu á þinginu.

Fyrsta málsgreinin er mjög til bóta frá núgildandi lögum, enda þar verið að afhema þann greinarmun sem áður var gerður á sveitarfélögum eftir stærð þeirra, en í núgildandi lögum segir að í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru 500 eða fleiri skuli sveitarstjórn fela löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofnu að annast endurskoðun.

Ákvæði annarar málsgreinar telur stjórn FLE hins vegar vera andstæð þeim meginforsendum sem gilda um störf löggiltra endurskoðenda. Þarna er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti ákveðið að fela endurskoðunina sérstakri "endurskoðunarstofnun" á vegum sveitarfélagsins.

Í athugasemdum við frumvarpið er ýjað að því að staða slíkrar stofnunar verði hlíðstæð stöðu Ríkisendurskoðunar. Þetta er alrangt þar sem staða sveitarstjórna er allt önnur en ríkisvaldsins, þar sem um þrískiptingu valds er að ræða og löggjafarvaldið hefur Ríkisendurskoðun til að annast endurskoðun á störfum framkvæmdavaldsins. Slík skipting er ekki til staðar hjá sveitarfélögum.

Stjórnin telur að málsgreinin brjóti í bága við lög um endurskoðendur, bæði hvað varðar vanhæfisástæður skv. 9. gr. laganna og einnig 6. gr. sem fjallar um stofnun endurskoðunarfyrtækja. Sá löggilti endurskoðandi sem tæki að sér forstöðu "endurskoðunarstofnunar" af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir, getur ekki talist óháður og væri þar af leiðandi vanhæfur til að árita ársreikning sveitarfélags sem slíkur.

Ég tel einnig að það sé andstætt þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu að undanförunu að gera einstakar stofnanir þess undanþegnar því ytra eftirliti sem fæst með starfi óháðra löggiltra endurskoðenda. Spyrja má

## Ráðstefnur erlendis

### How the SEC Works

A Practical Guide to the Filing and Enforcement Process of the SEC

11. maí 1998 eða 8. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### SEC Requirements for Non-US Companies

12. maí 1998 eða 9. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### US GAAP Compared to UK and International

GAAP - What the SEC Expects to See  
13. maí 1998 eða 10. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### A Guide to the SEC's form 10-K, 10-Q and Related Reporting Requirements

14. maí 1998 eða 11. júní 1998  
London, England eða Zürich, Sviss

### International Accounting Standards

18.-19. maí 1998, London, England  
15.-16. júní 1998, Zürich, Sviss  
13.-14. júlí 1998, Prag, Tékkland

### The Detailed Steps in the Changeover to the Euro, 3rd FEE/CROC Lisbon Conference

15.-16. maí 1998, Lissabon, Portúgal

### Getting to Grips with EMU

8. júní 1998, London, England

### Tax and Accounting Implications of EMU

9. júní 1998, London, England



## Aðdragandi og undirbúningur að upptöku skattframtals rekstraraðila, RSK 1.04

Ragnar M. Gunnarsson,  
forstöðumaður eftirlitsskrifstofu RSK

Um árabíl hefur skattyfirvöldum verið ljós þörf á stöðlun upplýsingagjafar gjaldenda í tengslum við framtalskil. Með slíkri stöðlun má ná aukinni hagkvæmni í vinnslu framtala og markvissari vinnubrögðum, bæði í skattkerfinu og hjá þeim sem atvinnu hafa af framtalsgerð. Á síðustu árum hafa framfarir í tölvutækni og almenn notkun tölva skapað betri forsendur til þess að taka upp slíka samræmda upplýsingagjöf í tengslum við skil á skattframtali rekstraraðila.

Skattyfirvöld hófu fyrst að huga að upptöku á nýju skattframtali fyrir rekstraraðila á árunum 1992-93. Ýmsar hugmyndir voru ræddar á útfærslu en niðurstaðan varð sú að um yrði að ræða framtal sem gæti komið í stað eldri framtalseyðublaða sem og hefðbundins ársreiknings.

Frá upphafi hafa skattyfirvöld stefnt að því að atvinnulífið og þeir sem atvinnu hafa af framtalsgerð fengju hæfilega aðlögun að upptöku nýrra framtalsskila og að þau yrðu unnin í sem bestri samvinnu við þá.

Ný framtalskil verða því tekin upp í nokkrum áföngum. Á árinu 1997 voru skil á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 valkvæði. Á árinu 1998 eiga lögaðilar að skila RSK 1.04 en skil eru valkvæð fyrir aðrar tegundir rekstrar. Á næsta ári er fyrirhugað að RSK 1.04 verði skylda fyrir alla rekstraraðila nema e.t.v. þá allra smæstu.

Áhersla hefur verið lögð á kynningu á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04. Drög að skattframtali RSK 1.04 var fyrst kynnt löggiltum endurskoðendum á haustráðstefnu FLE þann 16. nóvember 1995 og aftur þann 21. nóvember 1996. Þar var jafnframt farið yfir þá hugmyndafræði sem skattyfirvöld stefna að með upptöku hins nýja framtals, sem og kynntar hugmyndir um framtalsskil með sérstöku framtalsforriti með tölvupósti eða á diskettu. Í janúar 1997 var og kynning á framtalinu á skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda.

Í ársbyrjun 1997 var nýtt framtalseyðublað ásamt leiðbeiningum sent til rúmlega 40.000 rekstraraðila. Eins og áður hefur komið fram voru framtalsskil á RSK 1.04 vegna ársins 1996 valkvæð en jafnframt var boðuð almenn skilaskylda á nýja skattframtalinu á árinu 1998.

Í september 1997 funduðu RSK og skattanefnd Félags löggiltra endurskoðenda og ákváðu að setja á stofn samráðshóp RSK og FLE um upptöku RSK 1.04. Í samráðshópinn voru tilnefndir fjórir löggiltir endurskoðendur og þrír starfsmenn RSK. Um miðjan október hélt samráðshópurinn sinn fyrsta fund. Samráðshópurinn hefur fundað reglulega og m.a. haldið fund með framleiðendum / seljendum bókhaldshugbúnaðar til þess að kynna þeim ný framtalsskil.

Síðari hluta árs 1997 hófst jafnframt almenn kynning á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04. Í lok nóvember var haldið námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar HÍ, 5. desember var haldin námstefna á vegum FLE um tölvuvædd framtalsskil og í febrúar 1998 var námskeið hjá Endurmenntunarstofnun HÍ endurtekið. Samtals sóttu þessar þrjár kynningar á þriðja hundrað manns.

Í upphafi árs 1998 var sérstök orðsending um skattframtal rekstraraðila RSK 1.04

*Frá upphafi hafa skattyfirvöld stefnt að því að atvinnulífið og þeir sem atvinnu hafa af framtalsgerð fengju hæfilega aðlögun að upptöku nýrra framtalsskila og að þau yrðu unnin í sem bestri samvinnu við þá sem atvinnu hafa af framtalsskilum.*



send til um 14.000 lögaðila þar sem minnt var á upptöku hins nýja skattframtals. Skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 var síðan ásamt leiðbeiningum sent út til allra lögaðila í upphafi árs 1998.

Eins og hér hefur komið fram þá hefur upptaka á skattframtali rekstraraðila átt sér nokkurn aðdraganda. Skattyfirvöld telja sig hafa átt ágætt samstarf við Félag löggiltra endurskoðenda um þetta mál og að nú sé tímabært að stíga næsta skref sem felst í skilum á RSK 1.04 fyrir lögaðila á árinu 1998.

## Fréttatilkynning nr. 10/1998

### Útgáfa Skatta- og tollatíðinda

Út er komið 1. hefti Skatta- og tollatíðinda sem gefið er út af fjármálaráðuneytinu, yfirs kattanevnd, ríkistollanevnd og ríkisskattstjóra. Með þessari útgáfu er orðið við lagaákvæðum um birtingu helstu úrskurða yfirs kattanevndar og ríkistollanevndar, sem taldir eru hafa fordæmisgildi, sbr. ákvæði í 14. gr. laga nr. 30/1992, um yfirs kattanevnd, og 102. gr. tollalaga nr. 55/1987. Enn fremur eru birtir í ritinu dómur, sem varða skatta- og tollamál, þ.m.t. dómur í refsímálum á því sviði. Loks er kynnt í ritinu ný lögjöf og stjórnvaldsreglur um sama efni, sem heyrir undir stjórnvís slu fjármálaráðuneytisins. Tímaritinu er því ætlað að hafa viðtækara gildi en leiðir af lagaskyldunni með birtingu úrskurða. Má vænta þess að lesendur geti með þessum hætti fengið á fyrirhafnarlítinn hátt fullnægjandi yfirlit um nýjar réttarheimildir á síbreytilegu sviði skattaréttar.

Skatta- og tollatíðindi munu koma út þrisvar á ári og er þannig áætlað að í hverju hefti verði að jafnaði birtir dómur og úrskurðir frá undangengnu fjögurra mánaða tímabili. Á árinu 1998 er þó stefnt að útgáfu fimm hefta vegna tímabilsins 1997 og 1998. Í þessu fyrsta hefti er að finna úrskurði og dóma sem fallið hafa á tímabilinu janúar til maí árið 1997 og kynningu á lögjöf og reglugerðum frá sama tíma.

Ritið verður kynnt á næstu dögum þeim aðilum sem helst munu hafa af því not.

*Fjármálaráðuneytinu, 16. apríl 1998*

## Áhugaverðar bækur, tímarit og heimasíður

### Skatta- og tollatíðindi

Fjármálaráðuneytið, yfirs kattanevnd, ríkistollanevnd og ríkisskattstjóri.

### FEE Business Guide to the Year 2000

FEE, Mike Kusmirak

### International Accounting Standards 1998

International Accounting Standards Committee

### International Accounting Bulletin

Lafferty Publications Ltd.

### Video Programme, Understanding IAS

International Accounting Standards Committee

[www.ifac.org](http://www.ifac.org)

[www.iasc.org.uk](http://www.iasc.org.uk)

[www.electronic-accountant.com](http://www.electronic-accountant.com)

(ATH. ekki bandstrikið)

[www.fee.be](http://www.fee.be)

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)



## Golfklúbbur FLE

Heimir Haraldsson,  
einvaldur

Meðfylgjandi er kappleikjaskrá  
sumarsins ásamt reglum um stigamót  
FLE, en ákveðið hefur verið að hafa  
keppnisfyrirkomulag innanfélagsmóta  
með nokkuð breyttu sniði í ár. Þó  
verður meistaramótið með  
hefðbundnum hætti.

Keppni við skoska endurskoðendur fór  
fram þann 30. apríl sl. á Royal Burgess í  
Edinborg og fóru leikar þannig að  
Skotar jöfnuðu við okkur í síðasta  
hollinu. Ferðasagan er á öðrum stað í  
blaðinu. Næsta keppni er Íslandsbanka-  
mótið í Vestmannaeyjum. Gerð er ráð  
fyrir að flogið verði frá Reykjavík  
snemma morguns og komið til baka  
fyrir kvöldið. Nánar auglýst síðar.  
Mikilvægt er að fá upplýsingar um  
þátttöku sem allra fyrst vegna  
flugpantana. Hægt er að komast í  
samband við einvaldinn, Heimi  
Haraldsson með e-mail:  
heimir@kpmg.is

### Stigamót FLE

Keppt verður þrisvar sinnum. Tilkynna  
skal þátttöku degi fyrir mót til keppnis-  
stjóra. Hann mun draga í lið hverju  
sinni og tilkynna rásröð á faxi eða á  
annan hátt. Aðeins verður keppt á  
auglýstum keppnistíma. Keppnis-  
fyrirkomulag verður sem hér segir:

### 11. júní, Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði

Sama fyrirkomulag og í GR Open.  
Tveir spila saman. Hámarksforgjöf er  
18 og fá keppendur punkta á hverja  
holu. Það lið vinnur sem fær flesta  
punkta. Stig reiknast þannig að það lið  
sem verður í fyrsta sæti fær 20 stig (tíu  
á mann), annað sæti gefur átján stig,  
þriðja sæti sextán stig o.s.frv.

### 9. júlí, Golfklúbbur Suðurnesja, Hólmsvöllur Leiru

Texas Scramble. Tveir spila saman.  
Báðir slá upphafshögg og velja síðan  
betra teighöggið. Síðan slá þeir báðir frá  
hverjum stað og velja í hvert sinn betri  
boltann. Athugið að sá sem átti höggið  
sem valið var slær alltaf á undan í næsta  
höggi. Forgjöfin reiknast þannig að  
forgjöf beggja keppenda er lögð saman  
og deilt er í útkomuna með fimm og  
þannig fundin leikforgjöf. Það lið vinnur  
sem fer 18 holur á fæstum höggum nettó.

### 20. ágúst, Golfklúbbur Reykjavíkur, Grafarholti.

Punktakeppni einstaklinga með 7/8  
forgjöf. Allir spila og gildir skor hvers  
og eins. Sá vinnur sem fær flesta punkta.  
Stig reiknast þannig að sá sem vinnur fær  
tíu stig, næsti maður níu stig o.s.frv.

### Annað

Komi til þess, í keppnum þar sem tveir  
spila saman, að fjöldi þátttakenda  
stemmir ekki skal keppnisstjóri kalla til  
liðsmann þannig að enginn þurfi frá að  
hverfa. Fyrirhugað er að þeir  
endurskoðendur sem ná viðunandi  
árangri í keppnum við lögmenn og  
tannlækna hljóti sérstök aukastig í keppni  
þessari. Sigurvegari er sá sem fær flest  
stig úr þessum keppnum.

<b>30. apríl</b>	<b>kl. 14:00</b>
FLE - Skotland Royal Burgess, Edinborg	
<b>23. maí</b>	<b>kl. 10:00</b>
Íslandsbankamót Golfklúbbur Vestmannaeyja	
<b>11. júní</b>	<b>kl. 13:00</b>
Stigamót FLE, keppni I Golfklúbburinn Keilir	
<b>26. júní</b>	<b>kl. 13:00</b>
FLE - Lögmenn Kiðjaberg	
<b>9. júlí</b>	<b>kl. 13:00</b>
Stigamót FLE, keppni II Golfklúbbur Suðurnesja	
<b>11. ágúst</b>	<b>kl. 13:00</b>
FLE - Tannlæknar Golfklúbburinn Hellu	
<b>20. ágúst</b>	<b>kl. 13:00</b>
Stigamót FLE, keppni III Golfklúbbur Reykjavíkur	
<b>4. sept.</b>	<b>kl. 13:00</b>
Meistaramót FLE Golfklúbbur Reykjavíkur	





## Golf í Skotlandi



Sigurður Tómasson,  
fararstjóri

Golfíþróttin, eins og hún er þekkt í dag, er upprunnin í Skotlandi. Þó ekki sé vitað nákvæmlega um stað og tíma þá er talið að upphafið megi rekja til fimmtándu aldarinnar. Þannig væri ekki fráleitt að telja golfíþróttina elstu nútímaíþróttina. Ein sagan um upphaf golfsins segir að fjárhirðir í skosku hálöndunum hafi slegið til kinda með krókstaf sínum en fyrir tilviljun hitt kringlótt, litla og harða taðhrúgu sem hafi rúllað niður eftir grasflötinni, vel slegin af búfenaðinum sem haldið var þarna á beit. En þó þarna hafi orðið til fyrstu áhöldin sem notuð voru við golf þá þróuðust tækin, eru reyndar ávallt í þróun, og golfleiknum óx ásmegin. Í bókum segir frá því að skoska þingið hafi í þriggja á fimmtándu öld gert tilraun með löggjöf til að kveða niður golfáhuga þar sem golfið þótti trufla æfingar manna í bogfimi, þennan nauðsynlega þátt í vörnum konungsríkisins. Ekki tókust þessar tilraunir þingsins.

Golfíþróttin er í dag útbreidd um allan heim en ekkert land státar af þeirri golfhefð sem Skotland gerir. Fyrir áhugamenn um golf er Skotland mekka íþróttarinnar. Einn frægasti golfvöllur heims, St. Andrew's, er í Skotlandi. Elsti golfklúbbur heims er í Skotlandi. Þannig mætti efalaust eitthvað fleira upptelja en þetta látið nægja.

Það hefur áreiðanlega ekki farið fram hjá mörgum félagsmönnum að innan félagsins ( FLE ) starfar af miklum krafti golfdeild sem skipuleggur starfsemi sína jafnt innanlands sem utan. Þarf þá engan að undra að meðlimir þar renni hýru auga til Skotlands og þá ekki síst fyrir það hversu stutt er að fara - 2ja klukkustunda flug til Glasgow. Þannig hafa margir farið á eigin vegum eða í smærri hóp og oftast í tengslum við fundi eða ráðstefnur. Á aðalfundi golfdeildar FLE á s.l. hausti

var ákveðið að efna til hópferðar til Skotlands með það markmið eitt í huga að spila golf. Skyldi nú tímanum varið til golfspils meir en fagfunda eða ráðstefnuhalds. Gulrótin í ferðinni átti síðan að vera hugmyndin um að fá skoska endurskoðendur til móts við hópinn og koma á einhverri keppni milli félaganna. Bréf var ritað til The Institute of Chartered Accountants of Scotland (ICAS ) og jákvætt svar kom innan tíðar.

Fimmtudaginn 30. apríl s.l. kl. 7.20 voru mættir í flug til Glasgow 14 endurskoðendur sem skráð höfðu sig í ferðina. Það var tilhlökkun í hópnum ekki síst vegna þess að fyrir lá að við mundum hitta skoska endurskoðendur í leik í ferðinni. Á flugvellinum í Glasgow beið okkar rútbifreið sem ók okkur til smábæjarins Cumbernauld, um 40 mínútna akstur frá flugvellinum. Hótelíð sem var dvalarstaður okkar heitir Westerwood Hotel, Golf and Country Club. Aðstaðan þar reyndist vera hin ágætasta og boðið upp á marghátaða hressingaraðstöðu því auk golfvallar sem liggur að hótelinu þá er í sjálfu hótelinu sundlaug, líkamsræktarstaður og bar. Hópurinn nýtti sér þessa aðstöðu í ríku mæli og í þeirri röð sem hér er upptalið. Þennan dag erum við komnir á hótelið um kl. 12 og komnir á teig í okkar fyrsta golfhring kl. 14 ( þá var klukkan 13 að íslenskum tíma ). Að fljúga frá Íslandi tiltölulega snemma að morgni gerir okkur kleift að spila golf strax sama dag og flogið er út. Félagar í hópnum eru á eitt sáttir um að brottfarartíma frá Keflavík megi ekki breyta ! Yfir sameiginlegum kvöldverði á hótelinu voru golfúrslit dagsins yfirfarin af starfsmanni ríkisendurskoðunar og kom þá í ljós að það lið sem hann var meðlimur í hafði betur í viðureign dagsins. Allur aðbúnaður okkar og samheldni hópsins eins og hann kom fram á þessum fyrsta degi ferðarinnar lofaði góðu um framhaldið.

Föstudagur 1. maí. Tengiliður okkar við skoska endurskoðendur, Gordon Wells, hafði ákveðið þennan dag sem mótsdag fyrir íslenska og skoska endurskoðendur. Frá hóteli okkar fyrir vestan Glasgow keyrðum við í austurátt að sunnanverðu við Firth of Forth í átt til Edinborgar. Mótsstaður hafði verið ákveðinn The

## Frá IASC

IASC hefur gefið út IASC staðlana 1998. Meðal efnis er:

IASC's Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements

IAS staðlar sem taka gildi fyrir ársreikninga tímabilsins eftir 1. janúar 1998, IAS 1, 2, 4, 5, 7 og 33

Nýr IAS staðall um ársskýrslugerð fyrir milliuppgjör IAS 34 (e. Interim Financial Reporting) sem tekur gildi 1. janúar 1999

Endurbættur staðall um framsetningu ársreikninga IAS 1, (e. Presentation of Financial Statements), og skýrslugerð um starfsþætti eða atvinnugreinar IAS 14. (e. Segment Reporting), sem taka gildi 1. júlí 1998 og um fjármögnunar-leigusamninga IAS 17 (e. Leases) og starfsmannafríðindi IAS 19 (e. Employee Benefits) sem taka gildi 1. janúar 1999.

Hægt er að panta eintak af bókinni á skrifstofu FLE



*Hvergi í heiminum er golfhefðin jafn rík sem í Skotlandi. Í klúbbhúsinu er snerting við sögu golfsins og hefðir. Í upphafi var golfíþróttin karlaíþrótt en í nútímanum er þetta breytt.*

Royal Burgess Golfing Society of Edinburgh. Saga golfsins og hefðir eru tengd þessum elsta starfandi golfklúbb í heimi - stofnaður árið 1735 eða 200 árum áður en fyrsti golfklúbburinn var stofnaður á Íslandi. Aðkoma að þessum stað er mjög sérstök þar sem golfvöllurinn er staðsettur inni í borginni sjálfri. Hlaðinn 4ra metra hár múrveggur umlykur innkeyrsluna inn á svæðið og þar fyrir innan er glæsilegt klúbbhús, golfvöllurinn sjálfur og önnur aðstaða sem fylgir þessari starfsemi. Sjálft klúbbhúsið og golfvöllurinn er ekki jafn gamalt og félagið en er engu að síður yfir 100 ára. Hvoru tveggja þar vel háan aldur og verður ekki lýst nema með einu orði - glæsilegt. Sjón er sögu ríkari og þess vegna hefur það takmarkaðan tilgang að reyna að lýsa þessu á annan veg. Það upplifir enginn glæsileikann nema sá sem nýtur með nærveru sinni. Hvergi í heiminum er golfhefðin jafn rík sem í Skotlandi. Í klúbbhúsinu er snerting við sögu golfsins og hefðir. Í upphafi var golfíþróttin karlaíþrótt en í nútímanum er þetta breytt. Ekki endilega alls staðar í Skotlandi. Líklega yrði jafnréttisráð ekki hrifið af sumum þeim hefðum sem ríkja hjá Royal Burgess. Konur mega aðeins leika golf á vellinum eftir hádegi á mánudegi og hafa ekki sem golfleikarar aðgang að klúbbhúsinu. Borgarstjóri Edinborgar ( Lord Provost ) er alla jafnan heiðursfélagi í golfklúbbnum. Fyrir nokkrum árum gegndi kona þessu embætti og var þá úr vöndu að ráða. Löngum fundarsetum stjórnar golfklúbbsins lyktaði með yfirlýsingu, efnislega á þessa leið: Í þetta sinn yrði borgarstjóriinn í Edinborg ekki heiðursmeðlimur í golfklúbbnum - ekki vegna þess að borgarstjóriinn væri kona, heldur vegna þess að borgarstjóriinn væri ekki maður. (!!) Royal Burgess er og verður golfklúbbur fyrir karla. Það fylgir öryggi og festa góðum gömlum hefðum !

Við vorum mættir á mótsstað um kl. 12 á hádegi. Okkur var vísað til salar á annarri hæð klúbbhússins. Þar hittum við skoska kollega og fengum að vita hvað beið okkar. Hádegishressing í mat og drykk, golfleikur á glæsilegum velli, fordrykkur og kvöldverður í sögufrægum aðalsal klúbbhússins - allt í boði The Institute of Chartered Accountants of Scotland.

Veðurguðirnir skórtuðu sína fegursta, sólskini og logni. Þar sem við stóðum á svölum klúbbhússins og horfðum yfir hluta hins fagurgræna golfvallar með blómstrandi kirsuberjatré þá varð okkur ljóst að við vorum staddir í ævintýralandi. Heima á Fróni hafði verið svo einfalt að skrifa bréf og spyrja hvort menn væru ekki tilbúnir að spila einn golfhring. Þar sem flestir þekkja næstum alla og vissulega vita allir golfspilarar innan FLE af hverjir öðrum. Á meðan við erum rúmlega 220 í félagi okkar þá eru skoskir endurskoðendur um 30.000 ! Hér voru mættir skoskir endurskoðendur sem lítt sem ekkert vissu af hverjir öðrum og að ná þeim saman á miðjum vinnudegi til að spila golf við menn úr norðri var vissulega afrek sem flokkast með því besta sem gerist í tengslavinnu.

Að loknum hádegisverði hófu menn golfleik kl. 14 og stóð leikurinn fram til um kl. 18.30. Var leikið í fjögurra manna hópum, 2 frá hvoru félagi í hverjum hópi eða alls 28 golfspilarar. Eftir golfspilið mættu menn til fordrykks. Var nú léttara yfirbragðið en í hádeginu - menn höfðu kynnst betur og umræðan eftir á um góðu golfskot dagsins létti skap manna. Skoska endurskoðendafélagið skiptir landinu í nokkur umdæmi sem er gert til að auðvelda samskipti félagsins við félagsmenn sína. Eitt þessara umdæma, Lothian Borders and Central Area, hafði með heimsókn okkar að gera. Formaður eða forseti þessa umdæmis, Cahal Dowds, kom til móts við golfspilarana í kvöldverðinn og mælti nokkur orð til okkar. Af okkar hálfu þakkaði fararstjóri hópsins allar móttökur og frá FLE var hverjum og einum skosku þátttakendanna færð bókagjöf - Saying of the Vikings - auk þess sem aðaltengilið skoska félagsins, Gordon Wells, var færð vegleg myndabók um landið okkar. Að loknum ljúffengum kvöldverði, kjúklingi fylltum með slátri - Chicken filled with haggis - ásamt tilheyrandi eftirmat og drykk, voru skoskir endurskoðendur kvaddir og haldið heim á hótél um kl. 10.30.

Viðburðaríkur og eftirminnilegum degi var lokið. All good things come to an end. Einstæð gestrisni og höfðingsskapur skotanna verður okkur íslensku þátttakendunum lengi í minnum hafður. Skotasögur um alþekkt efni hafa í okkar

huga ekkert gildi. Þær eru í besta falli til orðnar vegna öfundar annarra vegna gestrisni þeirra. Við fundum fyrir vinarhug og þakklæti vegna þess hversu vel FLE hefur tekið á móti fyrirlesurum og öðrum gestum frá skoska félaginu, sem heimsótt hafa okkur á liðnum árum. Við nutum þess að vera góðir heim að sækja. Svo ágætlega vildi til að 2 úr hópi skoskra golfara höfðu nokkrum árum áður komið til Íslands til fyrirlestrahalds á vegum FLE, þeir Alasdair Young og Andrew Christie. Ef við höfum sýnt gestum okkar sama höfðingsskap og skoskir endurskoðendur sýndu okkur íslenskum endurskoðendum þennan dag, þá getum við verið stolt og ánægð.

Golfleikurinn milli íslenskra og skoskra endurskoðenda. Nú kann einhver lesandi vilja spyrja: "Hver vann?" - Spurt er á móti: Þarf einhver að vinna? Á golfvöllinum voru skotar jafn gestrisnir sem annars staðar þennan dag - þeir unnu ekki. Og íslenskir endurskoðendur kunna að þakka kurteislega fyrir sig - þeir unnu ekki. Jafntefli varð niðurstaðan - true and fair eins og sagt var undir borðum um kvöldið.

Laugardagur og sunnudagur 2. og 3. maí. Við þóttumst nokkuð vissir um að ekkert af því sem eftir lifði ferðar okkar mundi jafnast á við viðburði föstudagsins. Engu að síður voru þessir 2 dagar ríkir af atburðum. Ekki síst fyrir það að flestir úr hópnum spiluðu 36 holu golf báða dagana á 3 golfvöllum. Fyrir þá sem þessar línur lesa og ekki spila golf verður að varpa því ljósi á íþróttina að hver 18 holu golfleikur tekur um 4 - 4.5 klukkustundir. Að spila 36 holu golf táknar þannig útivist og göngu, með tilheyrandi golfhöggum og ástundun til afreksverka í íþróttinni, í um 9 klukkustundir. Fyrir innisetu- og kyrrsetumenn sem eru að koma úr vetrarhýðinu þá er þetta talsvert afrek - þó ég segi sjálfur frá. Innan hópsins vakti athygli að sá elsti (tæplega 68 ára) reyndist hinum yngri (yngstur 42 ára) enginn eftirbátur þegar reyndi á úthaldið.

Sunnudagskvöldið 3. maí var tilkomumikið lokahóf ferðarinnar haldið á indverskum veitingastað í bænum Cumbernauld. Ríkti þar gleði og glaumur með góðri aðstoð heimamanna. Úrslit í

innbyrðis viðureign tveggja liða í hópnum voru kunngerð og kom í ljós, þegar landinn keppir innbyrðis, að einhver varð að vinna. Að öllu leyti var farið eftir góðum samskiptareglum í leik og hver og einn innbyrti sína sigra á þann einfalda hátt að vera betri en andstæðingurinn. Þannig sigraði annað liðið verðskuldað - og verður þeirri viðureign gerð betri skil á öðrum vettvangi.



Þátttakendur í ferðinni voru:

Heimir Haraldsson / Ómar Kristjánsson  
Reynir Kristjánsson / Árni Tómasson  
Jón Þ.Hilmars. / Guðmundur Frímans.  
Stefán Svavarsson / Guðjón Eyjólfsson  
Ívar Guðmundss. / Guðlaugur Guðmun.  
Gunnar Hjaltalín / Hallgrímur Þorstein.  
Emil Th. Guðjón / Sigurður Tómasson

Mánudaginn 4. maí hélt hópurinn heim á leið. Ekki komu allir aftur því einn varð eftir til að spila meira golf en annar hélt í viðskiptaerindum til London. En allir komu heim um síðir. Allir voru á einu máli um að vel hefði til tekist í ferðinni allri og enginn vafi á að mönnum leikur hugur til að endurtaka leikinn. Vonandi gefst okkur tækifæri til að endurgjalda höfðinglegar móttökur skoskra endurskoðenda sem að sjálfsögðu voru boðnir velkomnir hingað til golfleiks ef hugur þeirra stæði til slíks.

Hópurinn við hótelið, áður en farið var til golffundar við skotana.



## Til félagsmanna FLE



Samkvæmt lögum um endurskoðendur nr. 18/1997 ber endurskoðendum að tilkynna til FLE um þá starfsmenn sem eru í þjálfun til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa. Enn hafa einungis fjórar slíkar tilkynningar borist skrifstofunni. Við viljum biðja endurskoðendur um að bæta úr þessu hið fyrsta.

### Endurskoðendadagar á Akureyri

Dagana 18. - 19. september næstkomandi verða haldnir endurskoðendadagar FLE á Akureyri. Menntunarnefnd vinnur nú að undirbúningi metnaðarfullrar dagskrár. Yfirskrift ráðstefnunnar verður „Starfsumhverfi endurskoðenda“, þar sem meðal annars verður fjallað um störf og ábyrgð endurskoðenda, samkeppni á markaðnum, markaðsmál og viðhorf stjórnenda fyrirtækja til starfa endurskoðenda. Gert er ráð fyrir að dagskrá ráðstefnunnar hefjist á hádegi föstudaginn 18. september og standi til hádegis á laugardag. Eftir hádegi verður farið í sameiginlega skoðunarferð endurskoðenda og maka þeirra. Ráðstefnunni lýkur síðan með kvöldverði á Hótel KEA.

### Haustráðstefna FLE

Haustráðstefna FLE verður haldin dagana 13. - 14. nóvember. Undirbúningur er kominn stutt á veg en gert er ráð fyrir einhvers konar framhaldi á námskeiðinu sem haldið var 1997, auk þess sem fjallað verður um menntunarmál og tæknimál.

### Aðalfundur og árshátíð FLE

Aðalfundur FLE verður haldinn laugardaginn 14. nóvember þar sem venjuleg aðalfundastörf fara fram. Að kvöldi dags verður síðan árshátíð FLE. Munið að merkja við daginn.

### Frá endurskoðunarnefnd FLE

Á síðasta aðalfundi FLE var lögð fram tillaga um áritun á óendurskoðuð reikningsskil og var hún samþykkt. Auk þess kynnti nefndin tillögu að leiðbeinandi reglum um ráðningarskilmála og tillögu að leiðbeinandi reglum um mikilvægi við endurskoðun. Endurskoðunarnefnd óskar eftir viðbrögðum við þessum leiðbeinandi reglum frá félagsmönnum FLE. Ef félagsmenn hafa einhverjar sérstakar óskir um tiltekið efni í endurskoðunarstöðlum sem þeir vilja að nefndin fjalli um, er það ekki nema sjálfsagt. Eina sem þarf er að koma ábendingum á framfæri við nefndina. Formaður endurskoðunarnefndar er Halldór Arason, hjá EBEÁ. Sem stendur vinnur endurskoðunarnefnd FLE að þýðingu á ISA staðli nr. 7 um gæðaeftirlit í samstarfi við gæðanefnd FLE.

Í ágúst næstkomandi mun verða haldinn fundur NRK (Norrænu endurskoðunarnefndarinnar) á Íslandi. Ef menn hafa hugmyndir um efni sem mætti ræða á þessum sameiginlega fundi nærrænna endurskoðenda má koma þeim á framfæri við skrifstofu FLE.

*Endurskoðendadagar FLE verða að þessu sinni í höfuðstað Norðurlands. Meðal efnis verður umræða um störf og ábyrgð endurskoðenda og viðhorf stjórnenda fyrirtækja til starfa endurskoðenda.*





## **Strípuð félög og stolnir skattar í Danmörku, framhald af blaðsíðu 2.**

seljendur félaga selji ekki skattskuld þeirra á genginu 80 eða yfir í góðri trú. Hæstiréttur sá jafnframt ekki ástæðu til að lækka eða fella niður bótakröfuna á hendur Satair Holding A / S þó svo viðbrögð skattfyrvalda vegna þessara viðskiptahátta hefðu verið lítil. Kaupandinn var ekki lögsóttur í þessu máli.

Nokkrir undirréttardómar og úrskurðir eru fallnir í málum af svipuðum toga og má greina þá í tvennt. Annars vegar eru úrskurðir sem taka afstöðu til þess hvort formsatriða hafi verið gætt og hins vegar úrskurðir sem lúta að því í hvaða mæli seljendur séu ábyrgir fyrir tapi ríkissjóðs vegna óinnheimtra skattakrafna. Dómar hafa bæði fallið seljendum í vil og óhag.

Ennfremur hafa í sumum tilvikum verið höfðuð mál á hendur kaupendum félaganna. Þann 27. ágúst 1997 dæmdi rétturinn í Tåstrup, Kai Hoffman, framkvæmdastjóra og fyrrum endurskoðanda, til 6 ára fangelsisvistar fyrir að hafa keypt og tæmt 40 félög, sem leiddi til þess að ríkissjóður varð af skattgreiðslum upp á 27,4 milljónir DKR. Kai Hoffman var lýstur gjaldþrota árið 1993 og ljóst er að ríkissjóður mun ekki fá krónu upp í kröfur sínar frá honum.

## **Ábyrgð ráðgjafanna**

Allnokkuð hefur verið fjallað um þátt ráðgjafanna í þessum málum, en í flestum þeirra hafa seljendur haft ráðgjafa, oft bæði lögmann og endurskoðanda. Fjölmíðlar hafa borið fram þungar ásakanir á hendur lögmönnum og endurskoðendum fyrir þátt þeirra og hafa sumir viljað skella allri skuldinni á þá. Sem dæmi má nefna ásakanir sem hafðar voru uppi á hendur Torben Haaning, formanni félags löggiltra endurskoðenda, um að hann ásamt 19 eigendum að Vestjyllands Revisionskontor ApS hefði hagnast á að selja félagið til Erhvervsinstituttet í Århus, sem keypti félög kerfisbundið og seldi þau til aðila sem síðan tæmdu þau. Með dómi Østre Landsret þann 10. mars

1997 voru Haaning og félagar sýknaðir.

Í greinum sem lögmennirnir Erik Flink og Sören Halling-Overgaard hafa skrifað í tímaritið Revisor Bladet um ábyrgð ráðgjafanna telja þeir að í sumum þessara mála geti seljendurnir höfðuð mál á hendur ráðgjöfunum fyrir vafasama ráðgjöf, en að sjálfsgöðu verði að meta hvert mál fyrir sig.

Þegar gengið var frá sölu sumra félaganna var farið fram á að kaupendur legðu fram staðfestingu á fyrirætlunum sínum með viðkomandi félag. Í þessum staðfestingum kemur oft fram að kaupendur ætli sér að setja rekstrarfjármuni inn í félagið svo hægt verði að fresta eða útiloka greiðslu skatta. Áðurnefndir lögmenn telja vafasamt að svona yfirlýsing hafi afgerandi þýðingu fyrir dómstóli sem er að meta ábyrgð ráðgjafanna.

Mér er ekki kunnugt um að fallið hafi dómur á hendur ráðgjöfum í málum sem risið hafa vegna „selskabstømning“.

## **Staða mála í dag**

Enn er mikið fjallað um þessi mál og ekki séð fyrir endann á þeim, enda hefur rannsókn þeirra reynst ýmsum vandkvæðum bundin. Hversu viðkvæm þau eru sést meðal annars af því að Michael Clan, yfirmaður fjársvikadeildar lögreglunnar og ríkissaksóknari, sá sig tilneyddan að draga sig í hlé í þessum tegundum af málum í febrúarþyrjun 1998 vegna tengsla endurskoðanda hans við þekktan „selskabstømmer“. Fram til þessa hafa einungis verið höfðuð bótaábyrgðarmál á hendur seljendum félaga sem tæmd voru, en nú hafa yfirvöld til athugunar hvort hægt verði að höfða refsíábyrgðarmál á hendur seljendum og ráðgjöfum þeirra. Fyrningarfrestur flestra þessara mála er 5 ár, þannig að hafi ekkert verið aðhafst eru mál frá 1991 og 1992 þegar fyrnd.

## **Heimildir**

Flink, Erik og Halling-Overgaard, Sören: „Mere om Ansvar I Forbindelse med Selskabstømning“, Revisor Bladet 3.tbl. 58. árg., maí 1997, bls. 23-27.

*Fjölmíðlar hafa borið fram þungar ásakanir á hendur lögmönnum og endurskoðendum fyrir þátt þeirra og hafa sumir viljað skella allri skuldinni á þá.*

*Fram til þessa hafa einungis verið höfðuð bótaábyrgðarmál á hendur seljendum félaga sem tæmd voru, en nú hafa yfirvöld til athugunar hvort hægt verði að höfða refsíábyrgðarmál á hendur seljendum og ráðgjöfum þeirra.*



## Frá IFAC

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu IFAC, [www.ifac.org](http://www.ifac.org)

IAPC (International Auditing Practices Committee) hefur sent frá sér drög að álitu, vísbendingar til stjórnenda og endurskoðenda varðandi árið 2000 (e. Implications for Management and Auditors of the Year 2000 Issue). Það er á ábyrgð stjórnenda fyrirtækja að taka á þessu málefni. Ábyrgð endurskoðenda, eins og hún kemur fram í ISA staðli, hefur ekkert breyst. Hins vegar, er þessu nýja álitu, ætlað að leiðbeina endurskoðendum um samhengi áhættu og mikilvægis varðandi þetta yfirvofandi vandamál fyrirtækja, í ársreikningum þeirra. Í álitinu er einnig komið inn á áhættu vegna væntingabils endurskoðenda og þeirra er undirbúa og nota ársreikninga með tilliti til ársins 2000. Þar eru því leiðbeiningar um skilgreiningu á ábyrgð stjórnenda og endurskoðandans; tillögur til endurskoðenda um hvað þarf að taka inn í áhættumatið og aðstoð við notkun ISA varðandi málefnið.

IFAC ITC, (Information Technology Committee) hefur gefið út leiðbeiningar um öryggi upplýsingakerfa (e. Managing Security of Information). Leiðbeiningunum er ætlað að aðstoða stjórnendur fyrirtækja við stefnumótun og framkvæmd upplýsingakerfa.

IFAC hefur gefið út leiðbeiningar varðandi próf til löggildingar. Hér er um að ræða niðurstöður könnunar sem gerð var meðal nokkura aðildarlanda IFAC.

IFAC FMAC, (Financial and Management Accounting Committee), hefur gefið út endurbættan IMAP staðal (e. International Management Accounting Practice Statement), þar sem sett eru fram helstu hugtök sem skilgreina rekstrarbókhald.

IFAC hefur sent frá sér niðurstöður rannsóknar á umhverfistjórn í fyrirtækjum: Hlutverk rekstrarbókhalds (e. Environmental Management in Organizations: The Role of the Management Accountant).

Flink, Erik og Halling-Overgaard, Søren: Rådgiveransvar - I forbindelse med selskabstømning“, INSPI, 3. tbl. 27. árg., 1997, bls. 10-19.

Flink, Erik og Halling-Overgaard, Søren: Rådgiveransvar i Selskabstømmersager“, Revisor Bladet, 1. tbl. 58. árg., febrúar 1997, bls.6-11.

Flink, Erik og HallingSøren: „Status vedrørende Retsopgøret Forbindelse med Selskabstømning“, Revisor Bladet 8. tbl. 58. árg., des. 1997, bls. 1320.

Gomard, Bernhard: „Selskabstømning efter Højesterets dom I Satair-sagen“, Revision & Regnskabsvæsen. Tidsskrift for erhvervsøkonomi og skatteforhold 3. tbl., mars 1997, bls. 9-16.

Hoffmann, Per: „Ny Skattaansættelse I Selskabstømmersager“, Revisor Bladet 5. tbl. 58. árg., ágúst 1997, bls. 6-7.

„Hård dom over selskabstømmer“, Børsen 28. ágúst 1997.

„Hård kurs mod skattefusk“, Politiken 13. feb. 1998.

„Revisorernes stærke forsvarer“, Børsen 27. jan. 1997.

„Satair-Dommen“Børsen 22. jan. 1997.

„Satair-Dommen“Børsen 23. jan. 1997.

„Satair-Dommen“Børsen 24. jan. 1997.

„Selskabstømning. Satair Holding A / S-sagen“, Tidsskrift for Skatter og Afgifter 3/2 1997, bls. 214-15.

„Told & Skat I kamp mod tiden“, yllands Posten 12. feb. 1998.

„300 sælgere kan komme I søgelyset“, Berlinske Tidende 12. feb. 1998.

*IFAC ITC, (Information Technology Committee) hefur gefið út leiðbeiningar um öryggi upplýsingakerfa (e. Managing Security of Information).*



# Nýir félagar 1998

## Löggilding 1998



Bogi Nils Bogason  
KPMG Endurskoðun hf.



Jón Sigurður Helgason  
KPMG Endurskoðun hf.



Krístrún Helga Ingólfssdóttir  
Ernst & Young



Sigrún Hallgrímsdóttir  
Ríkisendurskoðun



Sigurður Páll Hauksson  
D&T Endurskoðun



Sigurjón Geirsson  
Landsbanki Íslands

### **Frumvarp til sveitarstjórnarlaga**

*Framhald af síðu 5*

hvaða aðstæður sveitarfélaga geri þeirra stöðu öðruvísi en t.d. banka, tryggingarfélag eða annarra þeirra fyrirtækja og stofnanna sem skyldaðar eru til að hafa óháða löggilta endurskoðendur.

Stjórn félagsins kom að andmælum við þessa grein frumvarpsins á milli 2. og 3. umræðu þess með bréfi til félagsmálanefndar Alþingis og fóru formaður og varaformaður á fund nefndarinnar til að skýra málið. Þegar þessar línur eru skrifaðar að morgni 15. maí hefur ekki verið ákveðið hvenær 3. umræða fer fram enda mikið málþóf í gangi á Alþingi þessa daganna. Það er því ekki ljóst á þessari stundu hvort tekið verður tillit til athugasemda stjórnar FLE við endanlega afgreiðslu frumvarpsins.

### **Frá framkvæmdastjóra**

*Framhald af síðu 16*

langt um líður, mun enginn skilja hvernig farið var að því að útbúa skattframtöl upp á gamla máttann. Það verður sennilega svipað og þegar menn velta því fyrir sér nú, hvernig þeir fóru að fyrir tíma PC-tölvanna, Excel og Word, svo maður tali nú ekki um fax-tækin. Nýtt og tölvuvætt skattframtal lögaðila er einungis fyrsta skrefið í þá átt að tölvuvæða skattframtalsskil skattþegna landsins. Á næsta ári er gert ráð fyrir að RSK 1.04 verði einnig notað fyrir skattframtöl einstaklinga með atvinnurekstur. RSK er nú með til skoðunar hvernig hægt sé að einfalda skattframtöl einstaklinga. Með aukinni tölvuæðingu framtalsskila er alveg hægt að sjá fyrir sér að álagningu verði dreift yfir árið jafnt og þétt. Þannig yrði vinnuálagi þeirra er starfa við framtalsgerð, hvort sem það er fyrir einstaklinga, rekstrar-menn eða lögaðila, einnig dreift yfir árið og enn fremur vinnuálagi starfsmanna skattstofnanna.

Ásta H. Bragadóttir



## Til hamingju með afmælið!

60 ára	<b>Þórarinn Þ. Jónsson</b>	Endurskoðunarskrifstofa	07.06.1998
50 ára	<b>Árni Björn Birgisson</b>	Endurskoðunarskrifstofa	30.05.1998
50 ára	<b>Halldór Hróarr Sigurðsson</b>	KPMG Endurskoðun hf.	04.06.1998
40 ára	<b>Margrét Guðjónsdóttir</b>	KPMG Endurskoðun hf.	13.05.1998

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Vorið er komið og grundirnar gróa.... Flestir landsmenn eru nú farnir að huga að því hvað gera eigi í sumarfríinu. Á að skreppa til annarra landa eða láta nú loksins verða af því og skoða sitt eigið land, þrátt fyrir rýsjótt veðurfar.

Ein er þó stétt manna sem mér virðist ekki vera á þessari sömu línu og aðrir landsmenn. Þegar nefnt er orðið „sumarfrí“ við endurskoðendur þessa dagana, spyrja þeir, hvað er nú það?

Svo virðist sem sífellt teygist á álagstíma endurskoðenda, eða vertíðinni eins og oft er talað um. Nú eru þetta ekki lengur 1-2 mánuðir, heldur 5-6, þar sem algengt er að unnir séu 10 tímar á dag, alla daga mánaðarins frá áramótum. Hvernig stendur eiginlega á þessu og hvað er til ráða. Með tilkomu skráningu fyrirtækja á Verðbréfabing Íslands, hefur starfs-umhverfi endurskoðenda breyst verulega. Fyrirtæki sem þar eru skráð þurfa að hafa lokið aðalfundum sínum fyrir lok mars, svo og að árshlutauppgjör eru nú tíðari en áður. Á sama tíma er unnið að gerð skattframtala einstaklinga og í beinu framhaldi þarf síðan að ljúka skattframtölum fyrirtækja.

Að öllu jöfnu hefur síðasti skilafrestur skattframtala lögaðila verið 31. maí, og fram til mánaðamóta júní-júlí með fresti. Á þessu ári var tekið upp nýtt skattframtal lögaðila. Hér er um að ræða tölvuvætt framtal, sem ætlunin er að verði mikill tíma- og vinnusparnaður fyrir alla þá sem fást við framtalsgerð fyrirtækja. Eins og oftast er um nýjungar, tekur nokkurn tíma að aðlagast

þeim, læra ný vinnubrögð o.s.frv. Þegar fyrirséð var að hið nýja skattframtal myndi taka allverulega meiri tíma en áður í útfyllingu, ákvað stjórn FLE að taka upp viðræður við RSK um farsæla lausn á málinu. Árið í ár er það fyrsta þar sem verulega reynir á þetta nýja framtal. Það var þó ljóst að sá tími, sem að öllu jöfnu hefur verið veittur til að skila skattframtölum lögaðila, myndi ekki duga til að skil yrðu með eðlilegum hætti á þennan nýja máta. Fulltrúar RSK og FLE voru sammála um að það væri engum greiði gerður með því að fresta upptöku nýs skattframtals lögaðila. Menn myndu þá bara standa í sömu sporum eftir eitt ár. Í viðræðum FLE og RSK hefur verið rætt um að fresta álagningu lögaðila fram til haustsins. Sú ákvarðanatáka liggur nú fyrir hjá fjármálaráðuneytinu. Gjalddögum fyrirframgreiðslu verður þá væntanlega fjölgað um tvo, svo fjárstreymi til ríkissjóðs raskist sem minnst.

Margur endurskoðandinn segir nú ef til vill „þar fór sumarið“. Þannig á þetta þó alls ekki að þurfa að vera. Um leið og þessi vinna fer í gang, er ekki nema ein leið til; upp á við. Með hverju framtalinu sem fyllt er út, styttest tíminn sem fer í útfyllinguna og menn læra smám saman á forritið. Mikilvægt er einnig að menn hafi í huga að eftir eitt ár fer sama ferlið í gang og með því að gera á haustmánuðum þær breytingar á bókhaldi fyrirtækjanna sem nauðsynlegar eru, verður hægt að lesa beint inn úr bókhaldskerfum inn í hið nýja framtal. Undirrituð er sannfærð um, að áður en

*Framhald á síðu 15*

## Næsti hádegisverðarfundur

*Síðasti hádegisverðarfundur FLE fyrir sumarfrí verður miðvikudaginn 3. júní næstkomandi. Að þessu sinni verður gestur fundarins Halldór Jón Kristjánsson, nýráðinn bankastjóri Landsbankans. Halldór Jón mun fjalla um framtíðarskipan bankamála á Íslandi og stöðu Landsbankans*

Frjálst er að nota efni blaðsins að hluta til eða í heild ef heimildar er getið.